

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

15. árg. 4. tbl. 2017

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Anna Margrét Jónsd.

netf.: rhs@bondi.is

Nóvember 2017

Skipulag sauðfjársæðinga

Í ár verður eins og verið hefur tekið sæði bæði frá Sæðingastöð Vesturlands og af Suðurlandi. Boðið verður upp á svipaðan dagafjölda og verið hefur. Sjá má nánari útfærslu í töflu hér fyrir neðan.

Hægt verður hægt að nálgast sæðið í Staðarskála, við Hvammstangaafleggjara og á Blönduósi eins og verið hefur. Ekki lítur út fyrir að keyrt verði með sæði í Saurbæinn þar sem það var lítið notað í fyrra.

Sæðingadagar	Vesturland	Suðurland
fös. 1. des		x
mán. 4. des	x	
þri. 5. des	x	
mið. 6. des	x	
fim. 7. des		x
fös. 8. des		x
mán. 11. des	x	
þri. 12. des	x	
mið. 13. des	x	
fös. 15. des		x
lau. 16. des		x
mán. 18. des	x	
þri. 19. des	x	
mið. 20. des	x	

Fjöldi sæðinga	Verð
1-19	1000
20-49	850
50-99	740
100 eða fl.	690

Árneshreppur er sér á báti með sína sæðingadaga. Gjögurflug er á þriðjudögum og föstudögum og munu Árneshreppingar geta nýtt sér þá daga í desember. Eins er opinn möguleiki að fá sæði aðra daga, ef ferð fellur.

Pantanir berist á skrifstofu BHS 451-2602, netfang: amj@bondi.is. Panta þarf sæði fyrir kl. 14:00 næsta virka dag á undan sæðingadegi. Þannig þarf að panta á föstudegi, fyrir sæðingu á mánudegi.

Allar pantanir á sæði fara í gegnum BHS. Bændur sem hafa farið á námskeið í sauðfjársæðingum geta sætt sjálfir, en þeir sem ekki hafa sótt slíkt námskeið verða sjálfir að semja við einhvern um að sæða hjá sér.

Þegar pantað er sæði fyrir ósamstilltar ær er mikilvægt að láta okkur hjá BHS vita í tíma ef ekki finnast blæsma ær, svo hægt sé að nota sæðið á öðrum bæjum. Sama gildir ef menn vilja fá sæði í fleiri ær en pantað er fyrir, þá þarf að láta okkur vita um morguninn og við munum reyna að ráðstafa því sæði sem kemur aukalega til þeirra.

Ef til þess kemur að nýting á pöntuðu sæði verður slök, mun BHS þurfa að rukka fyrir 70% af pöntuðu sæði.

Kynning á hrútakosti sæðingastöðvanna - fundir

Haldnir verða kynningarfundir á hrútum sæðingastöðvanna með á eftirtöldum stöðum:

Föstudagur 24. nóv. kl. 13:30 Salur BHS á Blönduósi

Mánudagur 27. nóv. kl. 13:30 Sævangur, Ströndum

Mánudagur 27. nóv. kl. 20:00 Ásbyrgi, Miðfirði

Hrútaskráin ætti að vera farin í dreifingu fyrir fundinn en verður dreift á fundunum ella. Allir áhugasamir sauðfjárræktendur hvattir til að mæta!!!

Skil á haustbókum

Minni á að síðasti skiladagur haustbóka í sauðfjárskýrsluhaldi er **12. desember** næstkomandi. MAST gerir kröfu um að öll gögn séu skráð á þessum dagsetningum.

Handskrifaðar bækur þurfa því að berast til RML í síðasta lagi hálfum mánuði fyrr, svo skráning sé tryggð.

Ef skýsluhaldsgögnum er ekki skilað frestast eða falla niður stuðningsgreiðslur frá ríkinu.

Fyrirlestur um gripahús fyrir holdagripi

Dagana 27.-30. nóvember mun RML í samstarfi við Norsk Landbruksráðgiving ferðast um landið og halda fyrirlestra um gripahús fyrir holdagripi. Fundirnir verða stuttir og hnitmiðaðir og eins dreift um landið og mögulegt er. Fundir í nágrenni við svæði BHS eru hér með auglýstir en upplýsingar um alla fundina má finna á heimasíðu RML.

Mánudagur 27.11 16:30 – 18:30 Hvanneyri – Ásgarði Lbhí

Þriðjudagur 28.11 10:00 – 12:00 Blönduós – Salur BHS

Þriðjudagur 28.11 12:45 – 14:45 Sauðárkrókur – Starfstöð RML

Sauðfjársæðingar – námskeið

Námskeið fyrir alla sauðfjársæðingur og þá sem hafa áhuga á að starfa eða starfa við sauðfjársæðingar.

Æxlunarfærum sauðkinda er lýst, fjallað um sæðingar, hvernig best er að standa að þeim, hvenær rétti sæðingatíminn er og í hverju samstilling gangmála er fólgin. Kennend er meðferð sæðis og verklag við sæðingar er kennt í fjárhúsi.

Kennari: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

Tími: Boðið verður upp á þrjú námskeið:

I: **Mið. 29. nóv.**, kl. 13:00-18:00 hjá Lbhí á Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði.

II: **Fim. 30. nóv.**, kl. 13:00-18:00 á Akureyri.

III: **Fös, 1. des.**, kl. 13:00-18:00 á Stóra Ármóti á Suðurlandi.

Skráningar fara fram í gegnum heimasíðu www.lbhi.is